

Fjölás_Arnar Ingólfsson

Sæl Helga

Er búinn að renna yfir þessi drög.

Ekki annað að sjá að það sé farið inn á flesta ef ekki alla þá þætti sem eru raunhæfir í þessu sambandi.

Það er ekki laust við að á nokkrum stöðum sé verið að endurtaka sig í þessum drögum, en það er eitthvað sem við loka yfirferð verður skoðað vandlega.

Þó eru nokkur atriði sem ég vil nefna hér:

- Eftirfylgni eftir að framkvæmdum lýkur. Virðist sem þessum hluta sé ekki gerð greinargóð skýl í þessum drögum og ef við tökum sem dæmi Kárahnjúka þá sér maður mikið af gögnum og rannsóknum áður en farið er í framkvæmdir en öllu minna um rannsóknir eftir að framkvæmdum lýkur. Þetta hefur komið mér verulega á óvart í framkvæmd af þessari stærðargráðu hversu líti virðist kostað til rannsókna í eftirfylgni hér.
- Möguleiki á orku fyrir smærri notendur. Hér er um mjög mikilvægan þátt að ræða. Flest okkar útflutningsfyrirtækja fyrir utan fyrirtæki sem eru álframleiðslu eru nú þegar og verða með tímanum meira háð hver stefnan verður í þessu málum. Spurning hvort ekki þetta þurfi nánari skoðun við í þessum drögum.
- Rannsóknir nýrra orkugjafa. Hér er fjallað um þetta efni í kafla 10.3 (nánar 10.3.2). Hér er dregið á að það þurfi að auka og styrkja rannsóknir á þessu sviði en kemur ekki nægjanlega skýrt fram á hvern hátt eigi að standa að þessu og ábending hversu mikið menn telja að þurfi af fjármunum til að efla og styrkja rannsóknir á þessu sviði. Það má segja að hér sé farið í að nafngreina og lýsa fyrirtækjum og spurning hvort þetta á heima í skýrslu sem þessari. Spurning hvort ekki er tilefni til að endurskoða kafla 10.3 frá grunni.

Í lokin vill ég taka það fram að þetta eru þau atriði sem ég tel frá mínum bæjardyrum séð að skerpa megi á eða þá atriði sem jafnvel eigi ekki heima skýrslu sem þessari.

kveðja

Arnar Ingólfsson

netfang: arnar@fjolas.com

veffang : www.fjolas.com

sími: + 354 575 0600, + 354 894 6980

fax : + 354 575 0601